

## STARFSREGLUR

### um breyting á ýmsum starfsreglum kirkjuþings.

#### Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011.

1. gr.

a) 3. ml. 1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann er á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta, s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

b) 2. mgr. 6. gr. fellur brott.

#### Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef þar sem getur kjósandi flett upp hvort hann er á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta, s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

#### Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011.

3. gr.

a) 1. ml. 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá á kjördag.

b) 18. gr. orðist svo:

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag, þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann er á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta, s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands. Kjörskrá skal vera á vefnum í tvær vikur hið minnsta og skal kjörstjórn auglýsa framlagninguna á vef kirkjunnar og í prentuðum fjölmiðli.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 30. nóvember 2014.

*Reykjavík, 18. nóvember 2014.*

**Egill H. Gíslason,**

1. varaforseti kirkjuþings.